



Dagsetning: 1. desember 2023
Málsnúmer: 2310034/12.0

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

Fjarðabyggð óskaði eftir umsögn íbúasamtakana v. beiðni um uppsetningu hraðhleðslustöðva þann 8.11.2023. Umsögn skal berast á netfangið aron.beck@fjardabyggd.is fyrir 1. desember 2023. Málið var tekið fyrir á 38. Fundi umhverfis- og skipulagsnefndar þann 7.11.2023, eftirfarandi var bókað:

8. 2310034 - Beiðni um uppsetningu hraðhleðslustöðva

Visað frá bæjarráði til umfjöllunar umhverfis- og skidualgsnefndar erindi Instavolt um uppsetningu Hraðhleðslustöðva í Fjarðabyggð. Umhverfis- og skipulagsnefnd fagnar erindi Instavolt um uppsetningu hraðhleðslustöðva í Fjarðabyggð. Nefndin gerir athugasemd við staðsetningu á Breiðdalsvík þar sem um er að ræða lausa byggingarlóð. Einnig telur nefndin að hægt sé að finna heppilegri staðsetningu á Fáskrúðsfirði. Umhverfis- og skipulagsnefnd vísar erindinu til umsagnar íbúasamtaka sveitarfélagsins.

Fjarðabyggð beiðni um uppsetningu hraðhleðslustöðva.pdf

„Íbúasamtök Fáskrúðsfjarðar telja sem svo að sú staðsetning sem lögð er til sé mjög óhentug. Leggjum við til að frekar sé horft til bílastæða við smábátahöfnina (sjá mynd) eða nýja áhaldahúsið. En tryggja verður að stöðvarnar séu hvorki á fyrirhuguðum byggingarlóðum né það nálagt mannvirkjum að eldhætta stafi af. Við smábátahöfnina gæti hleðsluastaðan samnýst með salernis og hreinlætis aðstöðu, sem sveitarfélagið þarf að setja upp í tengslum við það svæði. Líkt og gert hefur verið í öðrum byggðakjörnum sveitarfélagsins.“

„Íbúasamtök Breiðdælinga gera athugasemd við þessa staðsetningu þar sem þessi lóð hefur verið úthlutuð, á fundi 744 hjá Bæjarráði.

15. 2202138 - 760 Ásvegur 16 - Umsókn um lóð

Visað frá eigna-, skipulags- umhverfisnefnd til afgreiðslu bæjarráðs lóðarumsókn þar sem sótt er um lóðina við Ásveg 16 á Breiðdalsvík undir einbýlishúsi. Svæðið er ódeiliskipulagt. Samkvæmt aðalskipulagi er umrætt svæði innan skilgreindrar íbúðabyggðar þar sem gert er ráð fyrir nýbyggingum sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.

Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar.

Hægt væri að setja upp hraðhleðslustöð bakvið ípróttahúsið, þar sem nýja tjaldsvæðið á að koma, bílastæðið við Ærslabelgin svo fátt eitt sé nefnt.

En við fögnum öllum áhuga á uppbyggingu á Breiðdalsvík og munum taka vel á móti þessari hraðhleðslustöð þegar góð staðsetning hefur verið fundin.“

Ekki fékkst umsögn frá íbúasamtökum Stöðvarfirði, Reyðarfirði, Eskifirði eða Norðfirði.



Aron Leví Beck

Skipulags- og umhverfisfulltrúi